

Alcoa Fjarðaál  
Hrauni 1  
730Reyðarfjörður

Reykjavík, 29. janúar 2021  
UST202001-449/H.E.  
08.07.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 1.12.2020, hjá Alcoa Fjarðaál**

Þann 1.12.2020 fór fram eftirlit í álver Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Eitt frávik kom fram er varðar:**

1. Gr. 2.1 í starfsleyfi og reglugerð 789/1999 um fráveitur og skólp. Styrkur olíu mældist 18 mg/l í fráveitusýni út úr vestari settjörn þann 17. nóvember sl. sem er yfir starfsleyfismörkum (15 mg/l). Annað sýni var tekið 20. nóvember og mældist styrkur olíu við útrás 4 mg/l. Í eftirlitinu sást olíubrák í settjörninni sem er frávik frá reglugerð um fráveitur og skólp.

**Umhverfisstofnun barst nánari greining á atvikinu og áætlun rekstraraðila um úrbætur vegna fráviksins í tölvupósti dags. 21. janúar sl. Umhverfisstofnun fellst á á áætlunina og mun taka úrbæturnar út í næsta reglubundna eftirliti.**

Virðingarfyllst

Halla Einarsdóttir

Steinunn Karlsdóttir